

Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 519/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Józefsdóttir saksóknari)
gegn

Magnúsi Haukssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Virðisaukaskattur. Vanreifun. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds með stefnu 15. desember 1997. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, til vara, að héraðsdómur verði ómerktur, en til þrautavara, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa.

Í málinu er ákærða gefið að sök að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti, sem hann hafi innheimt á árunum 1994 og 1995, samtals að fjárhæð 8.908.689 krónur. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti er ekki vefengt, að ákærði greiddi árið 1995 sýslumanninum á Ísafirði samtals 16.500.000 krónur upp í skuld vegna opinberra gjalda, en ákærði kveður samning hafa verið gerðan um mánaðarlegar greiðslur upp í skattskuld sína, sem sýslumaðurinn hafi haft til innheimtu. Í málatilbúnaði ákærvaldsins fyrir Hæstarétti er gerð grein fyrir því, hvernig sýslumaður hafi ráðstafað samtals 10.191.828 krónum af innborgunum ákærða til greiðslu á virðisaukaskatti og ýmsum öðrum opinberum gjöldum. Því var hins vegar lýst yfir, að ekki væri unnt nema með talsverðri vinnu að afla upplýsinga um það, inn á hvaða skattskuldir afgangur innborgana ákærða hafi getað runnið. Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var lýst yfir því af hálfu ákærvalds, að viðurkennt væri, að innborgun ákærða 29. desember 1995, að fjárhæð 3.700.000 krónur, hefði með réttu átt að ganga til greiðslu inn á skuld hans vegna virðisaukaskatts. Ekki var við þetta miðað í ákæru. Samanlagt nema þessi fjárhæð og hin fyrir-

nefnda, sem ákærvaldið hefur ekki getað gefið skýringar á, meiru en virðisaukaskattskuldin, sem ákæra lýtur að. Þegar þetta er virt, verður að telja rannsókn málsins svo áfátt, að efnisdómur verði ekki lagður á það. Verður málinu því vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður greiðist allur úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar héraðsdómsslögmanns, 80.000 krónur, og fyrir Hæstarétti Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 19. nóvember 1997.

Ár 1997, miðvikudag 19. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Ólafi Kristinssyni, fulltrúa héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-60/1997: Ákærvaldið gegn Magnúsi Haukssyni, sem tekið var til dóms 14. s. m. á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

I.

Málið er höfðað með ákæru ríkislögreglustjóra, dagsettri 9. október 1997, til refsingar á hendur ákærða, Magnúsi Haukssyni verkstjóra, Pólgötu 10, Ísafirði, kt. 131154-3059, „fyrir brot á lögum um virðisaukaskatt með því að hafa eigi í samræmi við það, sem lög áskilja, staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á virðisaukaskatti sem hann hafði innheimt árin 1994 og 1995, samtals að fjárhæð 8.908.689 kr., og sundurliðast sem hér greinir:

Árið 1994:

Maí-júní	kr.	167.433	
Júlí-ágúst	–	1.567.546	
September-október	–	1.696.056	
Nóvember-desember	–	1.450.149	kr. 4.881.184

Árið 1995:

Janúar-febrúar	kr.	559.906
Mars-apríl	–	819.024

Mai-júní	kr.	859.117	
Júlí-ágúst	–	796.121	
September-október	–	993.337	kr. 4.027.505
			<hr/>
	Samtals	kr.	8.908.689

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sjá nú 3. gr. laga nr. 42/1995 og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995“.

II.

Með afdráttarlausri játningu ákærða fyrir dómi, sem er í samræmi við framburð hans hjá lögreglu og önnur gögn málsins, er framangreind háttsemi sönnuð.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög frekast leyfa, og að hún verði eftir atvikum skilorðsbundin með öllu eða að hluta, óháð því, hvort um refsivistar- eða sektardóm verði að ræða. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna skipuðum verjanda til handa. Er af hálfu ákærða vísað til þess, að hann hefur gengist greiðlega við brotum sínum og ekki hagnast persónulega á þeim. Þá er bent á persónulegar aðstæður ákærða, þar á meðal fjölskyldu- og heimilishagi, en ákærði er kvæntur, þriggja barna faðir og býr nú í leiguhúsnæði, eftir að bú hans var tekið til gjaldprotaskipta 21. febrúar 1996, en í kjölfar þess missti ákærði forræði yfir húseign fjölskyldunnar á Ísafirði. Loks er vakin athygli á fram lagðri greiðslukvittun frá 29. desember 1995, en samkvæmt henni greiddi ákærði þá 3.700.000 krónur inn á skuld sína við innheimtumann ríkissjóðs og lét þess sérstaklega getið, að greiðslan skyldi ganga upp í virðisaukaskattsskuld sína við innheimtumann. Greiðslunni hafi hins vegar einhverra hluta vegna verið ráðstafað til lækkunar á skuld ákærða vegna opinberra gjalda utan staðgreiðslu. Með nefndri greiðslu og öðrum innborgunum árið 1995, samtals að fjárhæð 16.500.000 krónur, hafi ákærði engu að síður sýnt ótvíræðan greiðsluvilja í verki, sem taka beri tillit til við ákvörðun refsingar.

III.

Á því tímabili, sem ákæra tekur til, rak ákærði þrifa- og löndunarþjónustu á Ísafirði og var því virðisaukaskattsskyldur samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Samkvæmt 24. gr. sömu laga bar ákærða skylda til að greiða ótilkvaddur innheimtan virðisaukaskatt eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok hvers uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Með því einu að láta slíkt ógert vann ákærði til refsingar samkvæmt 1. mgr., sbr. 6. mgr. 40. gr. laganna, eins og téð lagaákvæði voru orð-

uð fram til 9. mars 1995. Þann dag tóku gildi lög nr. 42/1995 um breyting á refsíákvæðum nokkurra skattalaga. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til þessara laga, var lýst því markmiði löggjafans að herða refsingar við skattalagabrotum. Liður í því var að lögfasta lágmarksfésekt, sem aldrei skyldi vera lægri en tvöföld og allt að tíuföld sú fjárhæð, sem vanrækt væri að greiða. Tekur 3. gr. laganna til nefndra breytinga á 40. gr. virðisaukaskattslaga. Í niðurlagi 1. mgr. 40. gr. segir eftir lagabreytinguna, að stórfelld brot gegn ákvæðinu varði við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er háttsemi ákærða í ákæru einnig heimfærð undir téða lagagrein, svo sem henni var breytt með lögum nr. 39/1995. Með vísan til dóms Hæstaréttar frá 25. september 1997 í málinu nr. 136/1997 ber að líta svo á, að síðastgreind lög hafi öðlast gildi 1. júlí 1995. Taka lögina meðal annars til efnislýsingar 6. mgr. 40. gr. virðisaukaskattslaga, eins og þau voru fyrir breytingu.

Brot þau, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, eru einungis að hluta til framin eftir gildistöku laga nr. 42/1995 og laga nr. 39/1995. Verður litið til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða eru stórfelld í skilningi 1. mgr. 40. gr. virðisaukaskattslaga og 262. gr. almennra hegningarlaga. Getur því refsing samkvæmt hinu síðargreinda ákvæði varðað „varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga, er fyrr greinir“, eins og segir orðrétt í niðurlagi 1. mgr. 262. gr. hegningarlaga. Tilvitnuð orð lagagreinarinnar staðfesta þann skilning dómara máls þessa, að fésektir, hversu háar sem dæmdar eru, eru vægasta form refsinga að íslenskum lögum. Þannig er til dæmis fjögurra milljóna króna sekt vægari refsing en fimm daga varðhald. Í ljósi þessa fær áðurgreint markmið löggjafans að herða refsingar við skattalagabrotum með setningu laga nr. 42/1995 tæplega samrýmst grundvallarreglum refsiréttarins. Hlýtur þetta að vera íhugunarefni, jafnt fyrir þá, sem koma að setningu skattalaga, og þá, sem eiga að framfylgja þeim.

Við meðferð máls þessa fyrir dómi féllst ákærvaldið á þá skoðun skipaðs verjanda ákærða, að við ákvörðun refsingar bæri að horfa til greiðslu ákærða á 3.700.000 krónum 29. desember 1995 og líta á hana sem innborgun á samsafnaða virðisaukaskattsskuld, þó þannig, að til lækkunar kæmi á þeirri skattsskuld, sem myndast hefði árið 1994 og aldrei næmi hærri fjárhæð en 2.000.000 krónum af höfuðstól. Er á þetta fallist af hálfu dómsins, og verður tekið tillit til þessa við ákvörðun refsingar.

Þá ber við ákvörðun refsingar að líta til sakaferils ákærða, en samkvæmt sakavottorði var hann í október 1996 dæmdur í 12.000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot. Eldri brot ákærða, sem öll eru smávægileg, hafa engu þýð-

ingu við úrlausn þessa máls. Þá þykir mega líta til þess, að ákærði hefur gengist greiðlega við brotum sínum, að hann lagði sitt af mörkum, til að þau upplýstust, bæði fyrir skattranssóknarstjóra ríkisins og lögreglu, og að hann hefur reynt eftir megni að standa skil á umræddum vörslusköttum til ríkissjóðs, þótt ekki væri það á lögmæltum gjalddögum.

Samkvæmt öllu framanröktu verður ákærði sakfelldur fyrir þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru og þar þykja rétt færð til refsíákvæða. Við ákvörðun refsingar er gætt ákvæða 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði sekt í ríkissjóð, sem telst hæfilega ákveðin 9.000.000 krónur, og komi tólf mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu. Loks greiði ákærði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja með hliðsjón af eðli og umfangi málsins hæfilega ákveðin 80.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Hauksson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar í 2 ár frá dómsbirtingu, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 9.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin 80.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns.